

ÓLAFUR KVARAN SKRIFAR UM MYNDLIST

„Úr formsmiðju 1953-1976"


Um sýningu Harðar Ágústssonar að Kjarvalsstöðum

Geómetrísk myndgerð

Blómaskeið geómetrísks flatarmálverks í íslenskri myndlist er áratugurinn 1950-1960. Þessi myndgerð kom hér fyrst fram á síðari Septembersýningunum 1951 og 1952. Síðan stofnuðu nokkrir ungir myndlistarmenn, Eirikur Smith, Karl Kvaran, Hörður Ágústsson og Sverrir Haraldsson „Haustsýninguna" 1953 þar sem einvörðungu var sýnd geómetrísk myndgerð. Á þesum árum var það París sem var miðstöð geometriunnar og það eru fyrst og fremst áhrif þaðan sem komu til með að stýra þeirri þróun sem varð í íslenskri myndlist á þessum áratug. Uppruna geómetrísks flatarmálverks má annars rekja allt til helstu frumherja abstrakt myndgerðar í byrjun aldarinnar, til verka hollendingsins Piet Mondrian og rússans Kasimir Malewich. Mondrian hreinsaði myndir sínar þegar á öðrum áratugnum af hvers konar skírskotun til hlutveruleikans, og byggði verk sín einungis á formandstæðunum lóðrétt og lárétt og notaði aðeins frumlitina rautt, blátt og gult. Malewich gekk enn lengra í formrænni einföldun 1918, þegar hann gerði myndina „Hvitt á hvitu", sem er hvítur ferningur á hvítum fleti. Næsta skref var því að myndflöturinn yrði eitt form, einlitur flötur.

Á árunum milli stríða fékk geómetrískt myndmál mikilvægan vettvang í Bauhaus-listaskólanum í Þýskalandi, sem starfaði á árunum 1919-1933. Þar var kannað af mikilli elju eðli forma og lita, og við Bauhaus störfuðu margir af helstu frumherjum abstrakt myndgerðarinnar eins og t.d. Paul Klee, sem í formfræði sinni gekk út frá þrem frumformum, ferningi, þríhyrningi og hring, og rannsóknir á eðli lita voru ma. stundaðar af Joseph Alberts og J. Itten. Áhrif þessara aðferða og rannsókna höfðu ekki aðeins mikið gildi fyrir myndlistina, heldur sjónmenntir yfirleitt og kennsluaðferðir í listaskólum.


Eftir síðari heimsstyrjöldina fékk geómetrísk myndgerð mikla endurreisn í París og 1947 var þar m.a. stofnaður sýningarhópurinn „Salon des Réalites Nouvelles". Þar sýndu listamenn eins og A. Herbin, Vasarely og Mortensen, svo fáeinir af fulltrúum þessarar myndgerðar séu nefndir. Á þessum árum kringum 1950 dvöldu margir íslendingar í París í lengri eða skemmri tíma og urðu fyrir sterkum áhrifum frá geómetriunni, þar á meðal Hörður Ágústsson.




Dílar II. 1975.

Formrannsóknir

Á sýningunni sem Hörður Ágústsson hefur nú sett saman á Kjarvalsstöðum hefur hann valið þann kostinn að sýna verk eða skissur allt frá árinu 1953 til að gefa skoðanda innsýn í þróun formgerðar sinnar. Hér gefst því m.a. tækifæri til að sjá hvernig ýmsar hugmyndir, sem hafa fram komið í rannsóknum á formum og formrænu samspili gegnum árin, eru teknar upp aftur, unnar í öðru efni og með því. Þannig eru þeir þrír kaflar sýningarinnar sem hann hefur gefið heitin „Samklippur 1955", „Túss-teikningar 1953-1962" og „Fótógrafík 1962" bæði fróðlegir að skoða í sjálfu sér og sem undanfarar að þeim litabandsmyndum sem hann gerir á árunum 1974-1976.



Hvirfing. 1976.



Strengir. 1974

Í elstu myndunum frá 1953 eru vangaveltur um frumformin þegar orðnar áleitnar og með árunum verða rannsóknir hans á þessum frumeigindum myndamálsins í senn fjölþættari og ítarlegri. Hringforminu er ma. ýmist raðað upp lóðrétt eða lárétt á hvítum fleti og með smá tilfærslu á einu eða tveimur er athuguð innbyrðis þensla þeirra og hrynjandi, ellegar að þríhyrningur eða ferningur er settur inn í margvísleg samhengi. Hringformum og þríhyrningum er einnig þjappað og læst saman, sem í sjónrænni blöndun verða iðandi og sibreytilegir. Þessar formkannanir gefa ágæta innsýn inn í þá rannsóknarhyggju, yfirvegun og nákvæmni, sem einkenna vinnubrögð hans hér á sýningunni. Þessar rannsóknir eru annars mjög í þeim anda sem er viðtekinn í listaskólum um allan heim og eiga sér ræt ur í formfræðirannsóknum Bauhaus-skólans, en Hörður kenndi einmitt formfræði við Handíða- og myndlistarskóla Íslands um áratuga skeið. Obbann af þessum myndum eða skissum verður því að skoða sem kennslu- eða æfingamyndir í formfræði, þar sem nokkuð hefðbundnar leiðir eru troðnar.

Fótó-grafík

Þessar kannanir á frumformunum lágu síðan að nokkru leyti til grundvallar þeim „fótógrafísku" myndum sem hann sýndi í gallerý SÚM 1972, og hefur tekið hér með smá sýnishorn. Í þessum myndum eru andstæður svarts og hvíts sterkar og kröfugar og hin geómetrisku frumform eru ávallt til staðar. Þríhryningsklasar ganga hver inn í annan, tengjast, rofna, eða eru felldir inn í umlykjandi hringform og mynda þéttriðið net. Í þessari „fótó-grafík", hefur höfundi oft tekist á áhugaverðan hátt að ná fram til hnitmiðunar og nákvæmni í formrænu samspili.

Litbandamyndir

Það má eflaust segja að þær litabandsmyndir sem Hörður hefur unnið að undanfarin tvö ár séu samtvinnaður árangur af hans eigin formkönnunum, og kynnum hans af bæði op-listamönnum (Vasarely, o.fl.) og hinu nýja geómetríska flatarmálverki sem hefur þróast í Bandaríkjunum frá 1960, (Frank Stella, E. Kelly o.fl.) Hörður hefur valið sér all-óvenjulegan efnivið til að vinna með, en það eru litabönd, sem í daglegu tali kallast „teip". Í þessum myndum leggur hann oft eldri formhugmyndir til grundvallar, en gefur þeim nýtt gildi þar eð frumlitirnir hafa nú leyst af hólmi svart, hvítt og grátt, sem áður var ráðandi. Þar sem áður var einvörðungu kannað eðli og afstaða grunnforma, fernings, hrings og þríhyrnings, þá hefur hann í þessum verkum breikkað rannsóknarsvið sitt og áherslan er nú á eðli litarins, stærð hans og andstæðuverkun. Hér er sem sagt sambýli litanna kannað út frá þeirri meginforsendu að enginn litur hefur algilda merkingu, heldur er ávallt háður því samhengi sem hann er settur í. Formgerðin er af margvíslegum toga, sum verkin einkennast af samverkun láréttra litabanda, sem eru ýmist þétt eða grisjuð og um leið er gildi litarins umbreytt, bæði hvað snertir tón og þenslu. En sambýli litanna verður einnig nánara. Það sem í fyrstu skoðun virðist vera ákveðin endurtekning lína, ferninga eða depla, umbreytist við nánari skoðun. Deplarnir virðast hreyfast, línurnar bylgjast og allur myndflöturinn þenst og dregst saman, allt eftir því gildi sem liturinn fær í sambýli sínu við næsta lit.

Þó nokkur af þessum verkum séu ef til vill fyrst og fremst áhugaverð sem rannsókn eða skýrsla um nábýli lita, þá eru hér einnig verk, þar sem liturinn er virkjaður á áhrifamikinn hátt og binst saman í hnitmiðaða og kraftmikla heild. Má þar nefna verkin „Þrísnældur", „Hvirfing", „Gluggar" og „Striklota".

Þegar á heildina er litið þá veitir þessi sýning ágæta innsýn í óvenjulega kerfisbundin og igrunduð vinnubrögð höfundar og hreinræktun hans á frumeigindum myndmálsins gefur honum nokkra sérstöðu í íslenskri myndlist í dag.

Ólafur Kvaran.